


23.tbl.

29. júní. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Orlofsnefnd húsmæðra í Suður-  
Þingeyjarsýslu kynnir:

## TENERIFE!

21.-28. september 2022

Innifalið:

- > Beint flug frá Akureyri með Niceair
- > Gisting á H10 Las Palmeras (4 stjórnur)
- > Hálf tæði

**195.000 kr á mann\***

\*Möguleiki á styrk úr sjóði að hluta

Valkvæð skemmtun með íslenskum  
fararstjóra (175€ á mann)

- > Rútuferð til og frá flugvelli
- > Skoðunarferð í Týnda þorpið Masca
- > Skoðunarferð í höfuðborgina Santa Cruz

**Ef þú ert húsmóðir sem rekur  
eða hefur rekið heimili í Suður-  
Þingeyjarsýslu viljum við fá þig  
með!**

Hjördís: 7737548

Stefanie: 8686854

Ólöf: 8473868

Netfang: husmodir22@gmail.com





## **50 – 100% starf við leikskólann Yl, Mývatnssveit**

Starfsfólk vantar í 50 – 100% starf við leikskólann Yl, Mývatnssveit, frá og með 8. ágúst 2022.

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í haust er gert ráð fyrir að um 25 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1 – 5 ára en börn eru tekin inn í leikskólann frá 10 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á leik og útikennslu, unnið er eftir aga-stefnunni jákvæðum aga.

Frekari upplýsingar gefur skólustjóri, Hjördís Albertsdóttir, [hjo-rdis@reykjahlidarskoli.is](mailto:hjordis@reykjahlidarskoli.is) og í síma 464-4375.

Umsóknarfrestur er til. 4 júlí

## Póroddsstaðarkirkja

Aðalsafnaðarfundur Póroddsstaðarkirkju  
verður haldinn

**fimmtudaginn 7. júlí kl. 20 í kirkjunni**

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefnd Póroddsstaðarkirkju

## LÁTID BLÓMIN TALA

Sunnudaginn 3. júlí verð ég með pottaplöntumarkað á Hlöðuloftinu á Grenjaðarstað í samvinnu við hinn frábæra handverksmarkað sem þar er.

Þar má finna ca. 20 tegundir, m.a. Hawairósir, Neríur, Silfurbegoniur, Septemberliljur og einnig nokkra kaktusa og þykkblöðunga. Myndir á facebook síðunni minni.

Kaffi á könnunni og hægt að kaupa meðlæti af handverks-  
hópnum

Opið 11-18 *Elin Kjartansdóttir Norðurhlið*



# Störf við grunnskóladeild og mótuneyti Þingeyjarskóla.

Þingeyjarskóli auglýsir eftir:

Skólaliða í 100% starf.

Skólaliða í 80% starf

Stuðningsfulltrúa á yngsta stigi í 80 - 90% starf

Matráð í 60 - 80% starf

Við leitum að starfsmönnum sem:

- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2022.

Umsóknir skulu sendast á netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs. 464358-580/gsm 8990702 eða í gegnum netfangið [johann-nrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johann-nrunar@thingeyjarskoli.is)

# **Kvöldguðspjónusta í Þorgeirskirkju**

Kvöldsguðspjónusta í Þorgeirskirkju  
sunnudagskvöldið 3.júlí kl.20.00

Félagar úr kirkjukór mun leiða safnaðarsöng  
Dagný Pétursdóttir organisti og kórstjóri.

Allir velkomnir!

Sr. Gunnar Einar Steinsgrímsson

## **Vantar íbúð!**

Ég er að leita að 3ja-4ra herbergja íbúð fyrir mig og unglingana mína.

Staðsetning ekki endilega fyrirstaða.

Vinsamlega hafið samband í síma 866 2309 eða  
á [hyh@enjoy.is](mailto:hyh@enjoy.is)

Hrafnhildur

# Frá Þingeyjarsveit

Gámar fyrir járn og timbur verða staðsettir á eftirtöldum stöðum:

Í Kiðagili Bárðardal 28.júní til 5. júlí  
Aðrar staðsetningar auglýstar síðar.

Íbúar eru hvattir til að huga að góðri nýtingu á gámunum með því að rúmmálsminka úrgang og raða í gámana eins og kostur er.



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum,  
velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)  
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Hálfsiðuauglýsing kr. 4.200.– m. vsk  
heilsíðuauglýsing kr. 6.100.– m. vsk.



## **Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 11. maí 2022 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og að hún yrði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér skilgreiningu efnistökusvæðis í landi Garðs við Mývatn þar sem áætlað er að taka 50.000 m<sup>3</sup> af efni á 2,4 ha svæði sem að hluta er skilgreint sem athafnasvæði. Breytingin felur í sér heimild til framkvæmda á hrauni sem nýtur verndar skv. lögum nr. 60/2013 og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þann 16. Júní 2022 birti Skipulagsstofnun ákvörðun sína um að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) og [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með 21. júní til og með 2. ágúst 2022. Umsagnir við tillöguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið [atli@thingeyjarsveit.is](mailto:atli@thingeyjarsveit.is) eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

f.h. Þingeyjarsveitar  
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

## **Covid-19 bólusetningar** **á Húsavík og í N-Þingeyjarsýslu í júlí**

Sóttvarnalæknir hvetur fólk til að þiggja fjórða skammtinn af COVID-19 bóluefni sérstaklega þá sem eru 80 ára og eldri, heimilisfólk á hjúkrunarheimilum og yngri einstaklinga með undirliggjandi ónæmisvandamál. Aðrir sem þessa óska geta einnig fengið fjórða skammtinn. Til að geta fengið fjórða skammt bólu-efnisins þurfa að lágmarki fjórir mánuðir að hafa liðið frá þriðja skammti bóluefnisins.

Allir, 16 ára og eldri, sem fengu tvær grunnbólusetningar fyrir a.m.k. 4 mánuðum eru velkomnir í þriðja skammtinn.

Allir sem eru óbólusettir eða vanbólusettir (hafa fengið einn skammt) eru sérstaklega hvattir til að mæta og ljúka bólusetningu.

Bólusett verður á:

**Heilsugæslustöðinni á Húsavík miðvikudaginn 6.7 kl. 15**

**Tímapantanir í síma 4640500**

**Heilsugæslustöðinni á Kópaskeri, þriðjudaginn 5.7 kl. 14**

**Tímapantanir í síma 4640640**

**Heilsugæslustöðinni á Raufarhöfn miðvikudaginn 6.7 kl. 13.30**

**Tímapantanir í síma 4640620**

**Heilsugæslustöðinni á Þórshöfn, fimmtudaginn 7.7 kl. 13**

**Tímapantanir í síma 4640600**

Bólusett verður með Pfizer.